Nr. 877 21. september 2015

# REGLUGERÐ

**um gjaldtöku vegna tjaldstæða og þjónustu í Vatnajökulsþjóðgarði.**

1. gr.

Gjaldtaka er heimil innan Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu, eftir því sem nánar er kveðið á um í 2. og 3. gr. Virðisaukaskattur og gistináttaskattur er ekki innifalinn í gjaldi samkvæmt 2. gr. Virðisaukaskattur er innifalinn í gjaldi samkvæmt 3. gr.

2. gr.

Gjald fyrir einn í gistingu í eina nótt á tjaldstæði í tjaldi, fellihýsi, tjaldvagni, hjólhýsi eða húsbíl:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Almennt gjald | kr. 1.500 |
| 2. | 13 til 16 ára börn, í fylgd með fullorðnum | kr. 700 |

Aðgangur 12 ára og yngri barna, í fylgd með fullorðnum, að tjaldstæði er gjaldfrjáls.

Gjald fyrir gistingu í skála A í eina nótt:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Almennt gjald | kr. 5.800 |
| 2. | 13 til 16 ára börn, í fylgd með fullorðnum | kr. 2.900 |

Aðgangur 12 ára og yngri barna, í fylgd með fullorðnum, að skála A er gjaldfrjáls.

Gjald fyrir gistingu í skála B í eina nótt:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Almennt gjald | kr. 4.500 |
| 2. | 13 til 16 ára börn, í fylgd með fullorðnum | kr. 2.250 |

Aðgangur 12 ára og yngri barna, í fylgd með fullorðnum, að skála B er gjaldfrjáls.

Á gjald vegna gistingar leggst 11% virðisaukaskattur, auk gistináttaskatts sem er 111 kr. á hverja gistináttaeiningu með virðisaukaskatti.

3. gr.

Gjald fyrir aðra þjónustu:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Sturtugjald, eitt skipti | kr. 500 |
| 2. | Rafmagn fyrir húsbíl, hjólhýsi og fellihýsi, einn sólarhringur | kr. 900 |
| 3. | Afnot af þvottavél, eitt skipti | kr. 500 |
| 4. | Afnot af þurrkara, eitt skipti | kr. 500 |
| 5. | Gjald vegna almenns aðgangs að aðstöðu í skála, einn dagur | kr. 500 |
| 6. | Tjaldleiga, einn sólarhringur | kr. 5.000 |
| 7. | Sértæk þjónusta við ferðamenn skv. beiðni, sem felur í sér sérstakt vinnuframlag af hálfu starfsmanna þjóðgarðsins og akstur, gjald fyrir hverja klst. | kr. 10.000 |
| 8. | Kortabæklingur | kr. 500 stk. |
| 9. | Aðrir bæklingar | kr. 350 stk. |

4. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 60/2007, um Vatnajökulsþjóðgarð, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um gjaldtöku vegna tjaldstæða og þjónustu í Vatnajökulsþjóðgarði, nr. 130/2013.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 21. september 2015.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Stefán Guðmundsson.*